

Ed.

133. Frumvarp

til áfengislaga.

Flutningsmenn: Ingvar Pálmason og Erlingur Friðjónsson.

I. KAFLI.

Innflutningur áfengis.

1. gr.

Engan áfengan drykk eða áfengisvökva má flytja til Íslands til annara nota en þeirra, sem getið er um í 2. gr. En áfengur drykkur eftir lögum þessum telst hver sá vökvi, sem meira er í en $2\frac{1}{4}\%$ af vinanda að rúmmáli. Duft, kökur og annað, er þau efni eru í, sem sundur má leysa í vökva og hafa nefndan áfengisstyrkleika, skal fara með sem áfengan drykk.

Brot gegn þessari grein er fullframið, þegar áfengi er flutt inn í landhelgi, nema sannað sje, að það sje ekki ætlað til sölu eða neyslu hjer í landi eða landhelgi. En landhelgi telst 4 sjómilur á haf út frá stórstraumsfjöruborði, og sje talið frá ystu skerjum og hólum, er upp úr sjó koma, enda teljast firðir og vikur í landhelgi alt það, sem landmegin verður innan við beina línu, er dregin sje þar milli nesja, sem næst fjarðarmynni verða 12 sjómilur, og 4 sjómilur til hafs frá þeirri línu.

2. gr.

Ríkisstjórninni einni skal heimilt að annast innflutning og sölu áfengis, sem nauðsynlegt er:

- a. til iðnþarfa, efnarannsóknna, náttúrugripasafna eða annara verklegra nota.
- b. til eldsneytis, og skal sá vinandi gerður óhæfur til drykkjar.
- c. handa lyfsölum, eins og lyfjaskrá heimilar, einnig smáskamtalyf með vinanda í, og skal smáskamtalæknum heimilt að fá þau í innlendum lyfjabúðum, ef pöntun þeirra fylgja meðmæli hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarprests.
- d. handa próföstum þjóðkirkjunnar og forstöðumönnum annara kirkjudeilda messuvín, sem nauðsynlegt er við altarisgöngur (þótt í því sje meira af vinanda en $2\frac{1}{4}\%$ að rúmmáli).

Jafnskjótt og lög þessi öðlast gildi, skal stjórnarráðið löggilda nýja lyfjaskrá.

Handa sendiræðismönnum framandi ríkja er heimilt að flytja frá út-

löndum hæfilegan áfengisforða til heimilisparfa þeirra, þó ekki yfir 800 lítra á ári handa hverjum þeirra.

3. gr.

Ekkert skip má flytja nokkurt áfengi til landsins, nema það, er fara á til áfengisverslunar ríkisins.

Hvenær sem skip tekur íslenska höfn, er skipstjóra skylt að tilkynna löggæslumanni tafarlaust, eða um leið og hann sýnir skipskjölin, hvort nokkurt áfengi sje í skipinu og hve mikið. Hafi skipið meðferðis áfengi, sem ekki á að fara til áfengisverslunar ríkisins, skal löggæslumaður á fyrstu höfn, er skipið kemur til, innsigla áfengisbirgðirnar. Skipstjóri ábyrgist, að engu áfengi sje skotið undan innsiglu og að innsigli sjeu ekki brotin eða af áfenginu tekið, fyr en skipið er alfarið frá landinu. Löggæslumaður skal rannsaka á hverjum viðkomustað skipsins, hvort innsigli eru heil og hvort nokkuð hefir tekið verið af áfenginu, og hefir hann vald til að brjóta innsigli, til þess að framkvæma þá rannsókn. Skrá yfir það áfengi, sem innsiglað var, skal fylgja skipinu, og samrit af henni liggja hjá þeim, er innsiglaði.

Löggæslumaður hefir vald til að opna hirslur skipverja og farþega og rannsaka aðra staði á skipinu, til þess að ganga úr skugga um, hvort áfengi sje þar.

Skipstjóri ber ábyrgð á brotum skipverja gegn þessari grein, en farþegar á farangri sínum.

Fyrirmæli þessarar greinar ná ekki til herskipa.

4. gr.

Strandi skip hjer við land og hafi meðferðis áfengi, eða berist þvílíkt vogrek á land, skal hreppstjóri, í forföllum lögreglustjóra, þá þegar taka áfengisilátin til varðveislu og innsigla þau. Hann segir lögreglustjóra tafarlaust til áfengisins, og kemur lögreglustjóri því til geymslu á óhultum stað. Áfengi þetta má lögreglustjóri ekki selja eða láta af hendi til annara en rjettra eigenda. Skal hann með fyrstu ferð skýra þeim frá björgun áfengisins. Kjósi eigandi innan 12 mánaða frá auglýsingu, að það sje sent sjer á sinn kostnað eða flutt úr landi, skal það gert; ella sje það eign ríkissjóðs.

Sje ókunnugt um eiganda strandgóss eða vogreks, skal áfengið eign ríkissjóðs, ef eigandi hefir ekki sagt til sín áður en hinn lögskipaði auglýsingafrestur er útrunninn.

5. gr.

Enginn má taka við nokkurskonar ólöglega aðfluttu áfengi úr skipi hjer við land, eða í íslenskri landhelgi, nje heldur taka við áfengi á floti, hvort sem hann gerir það endurgjaldslaust eða gegn endurgjaldi.

II. KAFLI.

Áfengisverslun ríkisins.

6. gr.

Áfengi það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkv. 2. gr., selur hún aðeins lyfsölum og læknum, er hafa rjett til lyfjasölu, og öðrum þeim, er þessi lög heimila. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um áfengissölu. Skal það tekið fram í reglum þeim, hve mikið áfengi megi láta af hendi við hjeradslækna, embættislausu lækna, dýralækna og lyfsala á hverju ári eða um ákveðið tímabil. Ennfremur skal það ákveðið í reglugerð, að suðuvökvi og áfengi til iðnaðar skuli í kaupstöðum og kaupsíðum landsins selt undir yfirumsjón og eftirliti forstöðumanns áfengisverslunarinnar.

7. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er um ræðir í 2. og 6. gr. þessara laga, leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

8. gr.

Ríkisstjórnin skipar mann til að veita áfengisversluninni forstöðu. Hann eða aðstoðarmaður, sem stýrir lyfjaversluninni, skal hafa læknis- eða lyfsala-próf og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins. Lyfjateildinni skal skylt að útvega frá útlöndum, eftir beiðni, fyrir lækna, er hafa rjett til lyfjasölu, og fyrir ríkissjóð, lyf, er talin verða í lyfjaskrá, umbúðir og hjúkrunargögn.

9. gr.

Ráðherra skipar tvo menn til að hafa á hendi endurskoðun allra reikninga verslunarinnar og alls rekstrar og fær þeim erindisbrjef.

10. gr.

Leggja skal á vinanda þann og áfengi, sem heimilt er að flytja til landsins og eigi er notað til lyfja, 25—75%, miðað við verð þess, að tolli meðtöldum, þegar það er komið í hús í Reykjavík. Lyf, er verslunin útvegar læknum, seljast án hagnaðar.

Áfengisverslunin og útibú bennar mega ekki láta áfengi af hendi nema gegn borgun út í hönd, en þó skal heimilt að lána áfengi í lyf, ef brýna nauðsyn ber til.

11. gr.

Verslunin skal greiða lögákveðna tolla og innflutningsgjöld af vörum þeim, er lög þessi ræða um. Skulu gjöldin greidd í Reykjavík, þar sem vör-una ber fyrst að flytja á land, og á þeim tíma og samkvæmt því, er tolllög og skattalög mæla fyrir.

12. gr.

Ágóði sá, er verður af versluninni, greiðist í rikissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Má þar ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufje og varasjóð.

13. gr.

Verslunin skal jafnan hafa forða af áfengi og vinanda í Reykjavík. Viðskiftamenn verslunarinnar greiði flutningskostnað varanna innanlands.

14. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámark smásöluverðs á vörum þeim, er ræðir um í lögum þessum.

15. gr.

Áfengisauglýsingar eru bannaðar.

16. gr.

Nú vill maður fá áfengi samkvæmt lögum þessum, og skal hann þá í tæka tíð segja forstöðumanni áfengisverslunarinnar til um það, hverskonar áfengi og hve mikið hann vill fá. Jafnframt skal hann skýra frá, til hvers hann ætli að nota áfengið.

III. KAFLI.

Tilbúningur áfengra drykkja.

17. gr.

Bannað er að brugga á Íslandi eða búa til áfenga drykki og að gera drykkhæft það áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar.

18. gr.

Dómsmálaráðuneytið setur reglur um sölu áfengis þess, sem ætlað er til verklegra afnota, sbr. 2. gr. a. og b., hvort sem það hefir verið gert óhæft til drykkjar eða ekki. Skulu reglur þessar tryggja það, að áfengið verði ekki haft til neyslu.

19. gr.

Upptæk skal gera öll áhöld, sem nota á eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkhæft það áfengi, sem ódrykkhæft var. Áfengi það, sem búið hefir verið til eða aftur gert drykkhæft, skal og upptækt ásamt ilátunum. Andvirðið rennur í rikissjóð.

IV. KAFLI.

Meðferð áfengis í landinu.

20. gr.

Engan áfengan drykk má flytja um landið, annan en þann, sem um ræðir í 2. gr. þessara laga og merktur er innsigli áfengisverslunarinnar, eða þann drykk, sem um getur í 4. gr. og farið er með eftir fyrirmælum þeirrar greinar, nema læknislyf sje úr lyfjabúð eða frá lækni, mengað áfengi og messuvin.

21. gr.

Öllum er óheimilt að veita, gefa, selja eða láta af hendi áfengi til annara manna, nema það sje áður gert óhæft til drykkjar eða heimilað í lyfjaskrá, og ennfremur messuvin við altarisgöngu.

Um sölu lyfja þeirra, sem áfengi er í, setur dómsmálaráðherra, með ráði landlæknis, reglur til tryggingar því, að áfeng lyf verði ekki höfð til neyslu, heldur aðeins til lækninga.

22. gr.

Láti nokkur viðgangast ólöglegan tilhúning áfengis, ólöglega sölu eða geymslu þess í húsum sinum eða á landi sínu, skal hann sekur samkv. 44. gr. Sama refsing liggur við, ef skip, bátar eða flutningatæki eru með eigandans vitund og vilja notuð til geymslu, flutnings eða sölu ólöglegs áfengis.

23. gr.

Sje maður sterklega grunaður um ólöglegan aðflutning eða óleyflega sölu eða veitingu áfengis, má lögreglustjóri gera heimilizrannsókn hjá honum án dómsúrskurðar, ef hann telur það nauðsynlegt til þess að komast fyrir málið.

Komi það í ljós við heimilizrannsóknina, að áfengi sje í vörslum þess manns, er rannsókn fer fram hjá, skal hann skyldur til að sanna, hvornig áfengið sje komið í vörslur hans. Geri hann það ekki, skal hann teljast sekur um brot gegn 1. gr.

24. gr.

Hvern þann, sem hist hefir ölvaður, er heimilt að leiða fyrir dómara, og er honum skylt að færa sönnur á, hvornig hann hefir fengið áfengi það, er hann hefir ölvaður af orðið. Náist ekki til dómara, skal hlutaðeigandi hreppstjóri hafa vald til að rannsaka málið til bráðabirgða, og skal hann senda dómaranum staðfest afrit af prófunum til frekari meðferðar.

Færi yfirheyrður ekki sönnur á, hvornig hann hefir fengið áfengið, skal hann sæta sektum samkv. lögum þessum.

V. KAFLI.

Ölvun.

25. gr.

Sá, sem er ölvaður á almannafæri, opinberum samkomum eða skipum hjér við land, skal sæta ábyrgð samkvæmt lögum þessum.

26. gr.

Hver sá embættismaður eða starfsmaður ríkisins, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna embætti sínu eða starfi, skal sæta refsingu. Þriðja brot varðar embættismissi eða frávikning úr stöðunni um stundarsakir, eigi skemur en 3 mánuði, eða að fullu og öllu, ef miklar sakir eru. Sje um lækni að ræða, missir bann lækningaleyfi sitt ásamt embættinu.

Sömu refsingu skal hver sá læknir sæta, þótt hann sje ekki embættismaður, sem er ölvaður, þegar hann er að gegna læknisstörfum sínum, og kemur þá missir lækningaleyfis um stundarsakir eða fyrir fult og alt í stað embættis- eða sýslunarmissis.

27. gr.

Sjeu lyfsalar eða þjónar þeirra ölvaðir við störf sín, sæti þeir sömu refsingu og læknar.

28. gr.

Sjeu skipstjórar, stýrimenn, bátáformenn eða vjelstjórar ölvaðir við störf sín á skipi, sem þeir eiga að stjórna, sæta þeir sömu refsingu og embættismenn samkv. 26. gr. Kemur þá missir rjettar til skipstjórnar, stýrimensku eða vjalgæslu, eftir því sem við á, í stað embættismissis eða sýslunarmissis.

29. gr.

Bifreiðastjóri má ekki neyta áfengra drykkja eða vera með áhrifum þeirra við bifreiðaakstur.

Brot gegn þessu ákvæði varðar missi ökuskirteinis um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fult og alt, ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

VI. KAFLI.

Önnur brot lækna og löggæslumanna.

30. gr.

Láti læknir af hendi áfengi eða áfeng lyf eða lyfseðil á áfengi, hvort heldur er handa mönnum eða dýrum, án þess að hafa gengið úr skugga um það með rannsókn, að áfengið sje nauðsynlegt til lækningar, eða hann mis-

beitir á annan veg lækningaleyfi sinu til að útvega mönnum áfengi til neyslu, skal hann sæta refsingu samkv. 48. gr. þessara laga.

Sama gildir um lyfsala og þjóna þeirra, ef þeir nota aðstöðu sína til þess að útvega eða afhenda mönnum áfengi til neyslu.

Hver sá, er tekur á móti áfengi, sem um ræðir í þessari grein, og notar það til neyslu, skal sæta sektum.

31. gr.

Hver sá, sem skyldur er að sjá um, að lögum þessum sje fylgt og að brotum gegn þeim sje haldið til laga, skal sæta refsingu samkv. 49. gr., hafi hann sjálfur gerst brotlegur við þessi lög.

VII. KAFLI.

Veitingasala og gistihúsrekstur.

32. gr.

Hverjum þeim, sem fengið hefir leyfi til veitingasölu eða gistihúshalds samkv. lögum nr. 21, frá 15. júní 1926, er bannað að selja, gefa eða láta afhendi áfengi á þeim stöðum, sem um ræðir í greindum lögum, og varðar brot refsingu samkv. 50. gr. þessara laga.

Sektir liggja og við því, ef þjónustumenn gerast brotlegir gegn þessari grein. Neytendur skulu einnig sæta sektum samkv. 50. gr.

33. gr.

Bannað er að neyta áfengis í veitingastofum, veitingatjöldum eða öðrum stöðum, þar sem veitingar fara fram.

Ekkert fjelag manna má hafa um hönd í fjelagsskap áfengisveitingar, nje heldur má áfengisnautn fara fram í fjelagsherbergjum, hvort sem er í húsi fjelagsins eða annara.

Brot gegn þessari grein varðar refsingu samkv. 51. gr. þessara laga.

VIII. KAFLI.

Um löggæslumenn.

34. gr.

Löggæslumenn samkv. lögum þessum eru lögreglustjórar, hreppstjórar og sjerstakir löggæslumenn.

Lögreglustjórum er sjerstaklega skylt að sjá um, að lögum þessum sje hlýtt, hverjum í sinu umdæmi, en hreppstjórum hverjum í sínum hreppi.

Dómsmálaráðherra skipar sjerstaka löggæslumenn þar, sem þörf þykir. Hann fær þeim erindisbrjef, og má í því ákveða, að þeir hafi á hendi tollgæslu og fleiri eftirlitsstörf, auk gæslu þessara laga. Mótgerðir gegn þeim,

þegar þeir eru að gegna embættisverkum, varða refsingu samkv. ákvæðum almennra hegningarlaga um brot á móti valdstjórninni og allsherjarreglu.

35. gr.

Hreppstjórar og sjerstakir löggæslumenn hafa vald til að hefja lögreglurannsókn, hver í sinu umdæmi, gegn þeim mönnum, sem staðnir eru að brotum á þessum lögum eða grunaðir um brot. Rannsaki þeir málin ítarlega samkv. leiðbeiningu, er dómsmálaráðuneytið setur, og sendi síðan viðkomandi dómara staðfest afrit af prófunum, en hann tekur málin til frekari meðferðar.

IX. KAFLI.

Refsiákvæði.

36. gr.

Fyrir brot gegn 1. gr. skal refsa þannig:

1. Ef áfengi er flutt inn í því skyni að selja það eða veita fyrir borgun, þá varðar það sektum:

Fyrsta sinni 1000— 5000 kr.

Öðru sinni 2000—10000 —

Þriðja sinni 4000—20000 —

Auk sektar skal greiða 40 kr. á hvern litra þess áfengis, sem innflutt var.

Ennfremur skal sökunautur sæta fangelsi, eða ef brot er margítrekað eða miklar sakir eru að öðru leyti, hegningarvinnu alt að 2 árum.

Flytji skip hingað ólöglega áfengi, svo að telja megi það verulegan hluta af farmi þess, skal það gert upptækt með dómi handa rikissjóði.

Skip skal ávalt vera að veði til tryggingar greiðslu á sektum og málskostnaði, og má kyrsetja það og selja að undangengnu fjárnámi til lúkn-ingar hvorutveggja.

2. Sannist, að áfengið sje ekki flutt inn til sölu eða veitinga fyrir borgun, varðar það sektum, frá 200—3000 kr.

Jafnan skal hið ólöglega aðflutta áfengi verða eign rikissjóðs.

37. gr.

Skýri skipstjóri lögreglustjóra, hreppstjóra eða sjerstökum löggæslumanni rangt frá um áfengi það, er hann hefir meðferðis, eða dragi að skýra frá áfengisbirgðum samkv. 3. gr., skal hann sekur um 500—5000 krónur, liggi ekki þyngri refsing við broti hans samkvæmt öðrum lögum. Skip er að veði fyrir sektum og málskostnaði, eins og segir í 36. gr. 1, síðustu málsg. r.

Áfengi það skal gert upptækt, sem skotið var undan innsigluun eða vanrækt að skýra frá.

38. gr.

Brot gegn 5. gr. varða sektum eins og segir í 36. gr.

39. gr.

Brot gegn 15. gr. varða 100 kr. sektum fyrir hverja birtingu auglýsingar.

40. gr.

Skýri maður rangt frá, til hvers hann ætli að nota áfengi samkv. 16. gr., skal hann sekur um 100—2000 krónur.

41. gr.

Brot gegn 17. gr. varða sektum samkv. 36. gr. 1, og skal sökunautur enn fremur sæta fangelsi, eða, ef brot er margitrekad eða miklar sakir eru að öðru leyti, hegningarvinnu alt að 2 árum.

42. gr.

Brot gegn 20. gr. varða sektum, 200—2000 krónum, og skal áfengið ásamt ilátunum verða eign rikissjóðs.

43. gr.

Brot gegn 21. gr. og þeim öðrum ákvæðum þessara laga, sem banna að veita, gefa, selja eða láta áfengi af hendi til annara manna, varða sektum, 500—5000 kr. Sje brotið itrekað, varðar það sektum frá 1000—10000 kr.

Brjótí nokkur oftár ákvæði þessarar greinar, eða geri sjer að atvinnu sölu eða veitingar áfengra drykkja, varðar það fangelsi, ekki skemur en 3 mánuði, auk sekta samkv. 1. málsg., eða hegningarvinnu alt að 1 ári, ef miklar sakir eru.

44. gr.

Brot gegn 22. gr. varða sektum, 100—2000 kr., og itrekað brot 200—4000 kr. Fjárnám fyrir sektum og kostnaði skal gera í bátum og flutningatækjum, sem notuð eru til ólöglegs áfengisflutnings.

45. gr.

Verði maður sekur um brot gegn 24. gr., skal hann sektir greiða, 100—1000 kr.

46. gr.

Brot gegn 25. gr. varða sektum, frá 50—500 kr. Sje það framið á farþegaskipum, skal skipstjóri flytja hinn seka í land á fyrstu höfn.

47. gr.

Brot gegn 26.—28. gr. varða sektum: Fyrsta sinni 100—500 kr. Öðru sinni 200—1000 kr. Þriðja sinni stöðu- eða starfsmissi samkv. ákvæðum áður nefndra greina.

48. gr.

Brot gegn 1. málsg. 30. gr. varða fyrsta sinni 500—5000 kr. sekt og tvöfaldri sekt, ef brot er itrekað, og skal þá auk þess svifta lækninn heimild til

að gefa út áfengisseðla og láta af henni áfengi eða áfengisblöndur. Sje lækni-
rinn ekki hjeraðslæknir, missi hann þessa heimild við fyrsta brot.

Verði lyfsali brotlegur við 2. málsgr. 30. greinar, greiði hann sektir
samkv. 1. málsgr. þessarar greinar, og missi auk þess lyfsöluleyfi við annað
brot. Afgreiðslumenn lyfsala eða lækna greiði sektir eins og segir í þessari
grein og missi við þriðja brot rjett til að afhenda lyf eða selja.

Læknir eða lyfsali ábyrgist greiðslu sektar og málskostnaðar, er af-
greiðslumaður hans er dæmdur til að greiða samkvæmt framanskráðu, og má
gera aðför í eignum þeirra til lúkningar sektum.

Verði maður brotlegur gegn 3. málsgr. 30. greinar, varðar það sektum
frá 50—500 krónum.

49. gr.

Brot gegn 31. gr. varðar í fyrsta sinni sektum 500—5000 krónum, og
tvöfaldast sekt, ef brot er ítrekað, og auk þess embættis- eða stöðumissi, ef
miklar sakir eru.

Sje um að ræða brot gegn 25. gr., skulu sektir vera tvöfalt hærri en
segir í 46. gr. 1. málsgr.

50. gr.

Verði veitingasali sekur um brot gegn 32. gr., varðar það sektum samkv.
43. gr. Auk fjesektarinnar missir hann veitingaleyfi, í fyrsta sinni ekki skem-
ur en 1 mánuð, í annað sinni ekki skemur en þrjá mánuði og í þriðja sinni
að fullu og öllu.

Þjónustumenn og neytendur sæti sektum 200—2000 kr.

51. gr.

Brjótí nokkur ákvæði 33. greinar 1. málsgr., varðar það veitingasala
100—1000 kr. sekt og neytanda 200—2000 kr. sekt. Þriðja brot varðar veitinga-
sala missi veitingaleyfis.

Brot gegn 2. málsgr. 33. greinar varða neytendur, þjónustumenn og
fjelagsstjórn 200—2000 kr. sektum.

52. gr.

Sá, sem kemur því til leiðar með fortölum eða fjárframlögum, heitum,
hótunum eða ráðum sínum, að lög þessi verði brotin, veitir til þess aðstoð
í orði eða verki, tekur þátt í gróða af þeim brotum eða aðstoðar aðra til að
halda þeim gróða, skal, þótt hann verði ekki talinn aðalmaður í verknaðin-
um, sæta sektum 400—4000 krónum.

Sje brotið ítrekað, skal dæma sökunaut í fangelsi auk sekta, eða í
hegningarvinnu, alt að einu ári.

53. gr.

Sektir allar renna í rikissjóð.

Gera skal aðför hjá hinum seku til lúkningar sektum samkv. lögum

þessum, og því aðeins skulu þeir afplána sektir í fangelsi, að fje þeirra hrökkvi ekki fyrir þeim.

54. gr.

Vinnuskylda skal vera samfara afplánun sekta samkvæmt lögum þessum.

X. KAFLI.

Undanþága.

55. gr.

Vin þau, sem um ræðir í lögum nr. 3, frá 4. apríl 1923, eru undanþegin ákvæðum þessara laga um innflutning, veitingu, sölu og flutning um landið.

Áfengi má ekki afhenda neinum, sem yngri er en 21 árs, og varðar refsingu samkv. 47. gr., ef út af er brotið.

Dómsmálaráðherra setur reglugerð til varnar misbrúkun við sölu og veitingu þessara vína. Ákveðið skal meðal annars í reglugerðinni, að áfengis-sölubúðir skuli lokaðar frá hádegi á laugardögum til kl. 9 á mánudagsmorgnum og að veitingahús, sem leyfi hefir til áfengisveitinga, megi aðeins veita áfengi með mat og einungis á vissum tímum, sem tilteknir eru í reglugerðinni.

Brot gegn ákvæðum þeim, er sett verða um meðferð vinnanna, varða refsingu samkvæmt þessum lögum.

XI. KAFLI.

Ýms ákvæði.

56. gr.

Fara skal með mál út af brotum á lögum þessum og reglum sem almenn lögreglumál.

57. gr.

Lög þessi skal prenta á íslensku, dönsku, þýsku, ensku og frönsku, og svo mörg eintök, að nægi til að senda umboðsmönnum ríkisins í öðrum löndum.

58. gr.

Numin eru úr gildi með þessum lögum lög nr. 25, 3. nóv. 1915, um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl. Lög nr. 62, 27. júní 1921, um einkasölu á áfengi. Lög nr. 15, 8. júní 1925, um aðflutningsbann á áfengi, og öll þau lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

Greinargerð.

Núgildandi áfengislöggjöf vor er í ýmsum atriðum ósamræm og á mörgum sviðum ófullkomin. Í frv. því, sem hjer liggur fyrir, er löggjöfin færð saman í eina heild og samræmd. Ýmsum ákvæðum er breytt og nokkrum aukið í, sem reynslan hefir sýnt, að þörf var á. Er víða stuðst við áfengislöggjöf Finna, þar sem um breytingar eða viðbætur er að ræða.

Um einstakar greinar frumvarpsins athugast:

Um 1. gr.

Þessi grein er að efni til samhljóða 1. gr. gildandi aðflutningsbannlaga, að öðru leyti en því, að sönnunarskyldan fyrir því, að áfengi sje löglega flutt inn í landhelgi, er færð yfir á innflytjanda.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að ríkisstjórnin hafi fullkominn einkarjett til innflutnings á öllu því áfengi, sem heimilað er til notkunar í landinu.

Innflutningur áfengra ilmvatna og hármæðala er óheimilaður, og er það gert með það fyrir augum, að vörur þessar verði framleiddar innanlands. Gæti verksmiðja, er framleiddi þesskonar vörur, notfært sjer ýmislegt það áfengi, sem gert er upptækt og óhæft er til annarar notkunar.

Endurskoðuð lyfjaskrá skeri úr um það, hver áfeng lyf sjeu nauðsynleg til lækninga og hverjar tegundir áfengis.

Um 3. gr.

Aðalbreytingin í þessari grein frá ákvæðum núgildandi laga er fólgin í því, að hjer er fyrirskipuð innsiglun á öllum áfengisbirgðum allra skipa, annara en erlendra herskipa, á fyrstu höfn og ekki leyft að leysa neitt af þeim undan innsiglun, fyr en skipið fer aftur alfarið frá landinu. Eftirlitið með skipunum hefir jafnan reynst torveldast allra áfengisvarna hjer á landi, en með þessu fyrirkomulagi yrði það miklu auðveldara.

Um 4. gr.

Greinin svarar til 6. gr. bannlaganna og er henni að mestu leyti samhljóða. Hlutaðeigandi hreppstjóra er hjer gert að skyldu að innsigla það áfengi, sem á land berst við skipstrand eða sem vogrek, ef ekki næst þegar til lög-reglustjóra.

Um 5. gr.

Samhljóða 7. gr. bannlaganna.

Um 6.—16. gr.

Í þessum greinum eru tekin upp ákvæði laga nr. 62, 27. júní 1921, um áfengisverslun ríkisins, og það úr 3. og 4. gr. bannlaganna, sem samrýmst getur þessum ákvæðum.

Um 10. gr.

Ákvæði 2. málsgr. 10. gr. fyrirbyggir útlán úr áfengisversluninni, að svo miklu leyti sem fært þykir.

Um 15. gr.

Það þykir óviðeigandi, að áfengisauglýsingar birtist í landi, sem telst bannland, þótt utanaðkomandi ástæður hafi knúð það til að slaka á banninu gegn yfirlýstum vilja þings og þjóðar. Frumvarp um bann gegn áfengisauglýsingum hefir áður legið fyrir.

Um 17.—19. gr.

Þessi kafli er að efni til að mestu tekinn upp úr lögum nr. 25, 3. nóv. 1915, um bann gegn tilbúningi áfengis, og einstök atriði gerð skýrari, svo sem ákvæði 19. gr. um, að bruggunartæki skuli gerð upptæk, þótt ný sjeu og ónotuð.

Um 20.—21. gr.

Greinar þessar svara til 8. og 9. gr. bannlaganna.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru ný og tekin upp úr finskum lögum. Samskonar ákvæði eru og í áfengislöggjöf fleiri þjóða, t. d. Svía. Ef til vill mætti álitá, að fyriræli 52. gr. frumvarpsins (sbr. 18. gr. bannlaganna) næðu til þeirra, sem hjer um ræðir, en til þess að taka af allan vafa, þótti rjett að setja í frv. sjerstaka grein um þetta efni.

Um 23. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 11. gr. bannlaganna, en felur í sjer eitt verulegt nýmæli, þar sem gert er ráð fyrir, að heimilistrannsókn megi fram fara án dómsúrskurðar, ef sterkur grunur liggur á um ólöglegan aðflutning eða óleyfilega sölu eða veitingu áfengis. Hefir reynslan sýnt, að nauðsynlegt er, að heimilistrannsókn geti farið fram tafarlaust, til þess að komast fyrir smyglun og leynisölu. Það kynni nú að verða litið svo á, að þetta ákvæði frumvarpsins komi í bága við 62. gr. stjórnarskrárinnar, en hún er samhljóða tilsvarendi grein í grundvallarlögum Dana, og um hana segir einn merkasti ríkisrjettarfræðingur Norðurlanda, T. H. Aschehoug: »Herved er Sagen stillet saaledes, að Lovgivningen kan tillade deslige Undersøgelser i ethvert Tilfælde, hvor den finder dem fornødne eller hensigtsmæssige, og at den undtagelsesvis kan tillade administrative Autoriteter at anstille dem paa egen Haand. Men hvor dette ikke er sket, maa disse Autoriteter skaffe sig Bemyndigelse til at foretage Undersøgelsen ved en Kendelse af Domstolene, hvilken disse selvfølgelig ej kunne meddele, medmindre de hertil have Hjemmel i den bestaaende Ret«. (Den nord. Statsret bls. 399). Samkvæmt þessu virðist ekkert því til fyrirstöðu frá lagalegu sjónarmiði að taka þetta ákvæði upp í lögin, en til að fyrirbyggja misbrúkun þess, er lög-

reglustjóra einum heimilað vald til að framkvæma eða láta framkvæma rannsóknina, og það þó því aðeins, að maður sje sterklega grunaður um lögbrot.

Um 24. gr.

Síðari hluti 1. málsgr. er viðbót við ákvæði gildandi laga (12. gr. bannl.). Er hreppstjóra hjer heimilað að hefja rannsókn til bráðabirgða til þess að uppvist verði um lögbrot. Oft stendur svo á, að dráttur á rannsókn útilokar möguleika til þess að komast fyrir málið, en ókleift að ná í dómara. Sýnist þá ekki annað fyrir hendi en að fela hreppstjóra að hefja rannsóknina. Frá lagalegu sjónarmiði virðist ekkert vera þessu til fyrirstöðu, þar sem úrskurðarvaldið er eftir sem áður hjá dómurum.

Um 25. gr.

Í lögreglusamþykktum kaupstaðanna eru ákvæði um ölvun á almanna-færi og sektir lagðar við. Er hjer farið fram á, að sama gildi um land alt og á skipum hjer við land.

Um 26.—29. gr.

Þessar greinar eru sama eðlis og 25. gr., en ræða sjerstaklega um þá menn, sem eru í ábyrgðarmiklum stöðum eða embættum og eru ölvadir við skyldustörf sín. Þykir rjett, að lögin innihaldi sjerstök ákvæði um þá, þar sem velferð og líf fjölda manna eru oft undir því komin, að þeir sjeu alls gáðir við störf sín. Ákvæði í þessa átt eru þegar í gildandi lögum, að því er snertir bifreiðarstjóra. En með tilliti til þeirrar yfirvofandi hættu, sem ölvun þeirra hefir sjerstaklega í för með sjer, hefir þótt rjett að herða til muna á refsíákvæðum þeirra laga og láta fyrsta brot varða missi ökuskirteinis. Er það í samræmi við álit margra góðra bifreiðarstjóra. Um ölvun embættismanna og skipstjóra hefir áður legið frumvarp fyrir þinginu, og var þá færð gegn því sú aðalástæða, að misrjetti væri, að þeir einir sættu refsingu fyrir ölvun, en nú verður þetta ekki lengur fært sem ástæða, þar sem 25. gr. frumvarpsins nær til allra.

Um 30.—31. gr.

Þessar greinar eru að mestu sniðnar eftir samskonar ákvæðum í finskum lögum. Gert er ráð fyrir, að sett verði reglugerð um meðferð lækna á því áfengi eða þeim áfengum lyfjum, sem þeim kunna að verða heimiluð í lyfjaskrá, svo sem nú er, og að þar sje ákveðið, hve oft þeir megí láta af hendi áfengi og hve mikið í hvert skifti.

Um 32.—33. gr.

Greinar þessar eru að miklu leyti samhljóða ákvæðum laga nr. 21, 15. júní 1926, um veitingasölu og gistihúshald. Þótti nauðsynlegt að taka hjer upp þessi atriði, bæði til þess að sameina áfengislöggjöfina alla í eina heild og til þess að samræma refsíákvæðin við refsingar fyrir önnur brot á þessu sviði.

Um 34.—35. gr.

Þessi kafli kemur i stað 21. gr. núgildandi bannlaga, sem leggur sveitarstjórnnum og lögreglustjórum eftirlitsskylduna á herðar. Þykir heppilegra að breyta þessn á þann veg, að í stað sveitarstjórnar komi hreppstjórar og sjerstakir löggæslumeun. Virðist eftirlitið með lögunum hljóta að verða tryggara, sje einn ákveðinn maður á hverjum stað, t. d. á öllum viðkomustöðum skipa, er bæði sje sjerstaklega skyldur til að halda mönnum til hlýðni við lögu og hafi sjerstakt vald til þess. En smstaðar er svo ástatt, að hvorki nýtur hreppstjóra nje lögreglustjóra við til þessa starfs, annaðhvort sakir fjarveru frá vettvangi eða af öðrum ástæðum. Er þess vegna heimild gefu til þess að skipa sjerstaka löggæslumenn, sem auk eftirlits með þessum lögum ættu einnig að geta haft fleiri svipnð störf á hendi. Þykir mega ganga að því visn, að víða fáist áhugamenn á þessn sviði til að taka að sjer starf þetta gegn litlu endurgjaldi eða engn.

Um 36.—55. gr.

Refsiákvæðin eru að mestu sniðin eftir flnskri löggjöf. Ern lágmarkssektir yfirleitt hækkæðar frá því, sem nú er, og er það einnig gert með hliðsjón af breytingu þeirri, sem gerð var með lögnm nr. 13, 1925, um sektir. Aftur á móti er hámark sekta víða látið halda sjer.

Um 36. gr.

Hjer er ákveðið, að sökunautur greiði, auk sektar, 40 kr. á hvern litra áfengis. Er þar með fyrirbyggt, að innflutningnr geti verið gróðavegur, ef uppvist verðnr um hann.

Um 44. gr.

Ákvæðið nm, að gera skuli fjárnám í bátum og flntningatækjum, ern tekin upp úr áfengislögum Finna og fleiri þjóða.

Um 46. gr.

Fyrirskipun nm að flytja ölvaða menn i land af »Esju« virðist hafa komið að tilætludum notum. Er hjer því sett slíkt ákvæði um farþegaskip alment.

Um 52. gr.

Þessi grein svarar til 18. gr. núgildandi bannlaga.

Um 53. gr.

Svarar til 19. gr. bannlaganna.

Um 54. gr.

Ákvæði þessarar greinar stefnir að því að draga úr kostnaði rikissjóðs við fangelsisvist yfir höfuð, sem menn kunna að verða dæmdir i eftir þessum lögum, og er þetta gert i samræmi við breytingu þá á hegningarlöggjöfinni, sem nú liggur fyrir þinginu.

Um 55. gr.

Ekki varð hjá því komist að nndanþiggja vin þau, sem um ræðir í lögnum nr. 3, frá 4. apríl 1923, frá ákvæðnum þessara laga um innflutning, veitingu, sölu og flutning um landið. En ætlast er til, að sett verði reglugerð til varnar misbrúkun þeirra og að brot gegn henni verði refsingu samkv. þessum lögum.

Ákvæði um, að ekki megi selja unglíngum áfengi, eru nú komin í áfengislöggjöf flestra landa, en aldrstakmarkið mismunandi (frá 16—22 ára). Þótti rjettast að miða það hjer við lögaldur. Sömmuleiðis er í mörgum löndum bannað að selja áfengi síðari hluta dags á laugardögum. Er gert ráð fyrir, að sú regla verði einnig upp tekin hjer á landi.

Um 56.—58. gr.

Þessar greinar svara til 20., 22. og 23. gr. bannlaganna.